

# Dreifibréf til lífeyrissjóða sem hafa færri sjóðfélaga en 800. Reykjavík 23. júlí 1999

Tryggingaráðstafanir lífeyrissjóða sem hafa færri en 800 sjóðfélaga

Í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um lágmarksstærð lífeyrissjóða og lögbundið að óheimilt sé að starfrækja lífeyrissjóð ef fjöldi sjóðfélaga er að jafnaði færri en 800. Sú undantekning er þó frá þessari reglu að sjóðum sem eru undir greindum stærðarmörkum er gefinn kostur á að tryggja áhættudreifingu sína með öðrum hætti í samræmi við tryggingarfræðilega athugun. Í 3. mgr. 21. gr. sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 381/1997 er svo nánar útfært með hvaða hætti þessum sjóðum er heimilt að tryggja áhættudreifingu þegar sjóðfélagar eru færri en 800.

Af gefnu tilefni vill ráðuneytið koma þeim tilmælum á framfæri við þá lífeyrissjóði sem ekki höfðu 800 sjóðfélaga 1. júlí 1999, að til þess að öðlast starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 129/1997 þurfa sjóðirnir að uppfylla eitt af þremur skilyrðum 3. mgr. 21. gr. laganna. Geti lífeyrissjóður ekki sýnt fram á það með áreiðanlegum hætti að sjóðfélagar muni verða 800 innan þeirra tímamarka sem getið er í 1. tölul. 1. mgr. 25. gr. laganna og afhent í því skyni greinargerð byggða á nákvæmri áætlun þar sem fram kemur fjölgun sjóðfélaga á milli mánaða, ber þeim að kaupa sér tryggingarvernd eða gerast aðilar að samstarfssamningi um áhættudreifingu. Í 3. mgr. 21. gr., sbr. 3. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 381/1997 er það áskilið að tryggingarfræðileg athugun verði að liggja að baki ráðstöfunum þessara sjóða og af niðurstöðu hennar ráðist hvort uppfyllt séu skilyrði laganna um áhættudreifingu, séu sjóðfélagar færri en 800.

F.h.r.

Reykjavík 23. júlí 1999